

AUGLÝSING

um bann við innflutningi á óslægðum Atlantshafslaxi frá Noregi.

1. gr.

Óheimilt er að flytja inn óslægðan Atlantshafslax frá Noregi til 1. júlí 1999 nema hann komi frá eldisstöðvum sem greindar eru í viðauka I og honum hafi verið slátrað og pakkað inn hjá starfstöðvum sem greindar eru í viðauka II og staðsettar eru meðfram strönd Noregs frá landamærum Svíþjóðar að landamærunum milli sveitarfélaganna Hå og Eigersund (Rogalandi).

2. gr.

Á pakkningum sem innihalda óslægðan Atlantshafslax skal koma fram að um heilan lax sé að ræða og leyfisnúmer viðkomandi eldisstöðva og starfstöðva.

3. gr.

Heilbrigðisvottorð í samræmi við viðauka III með auglýsingu þessari skal fylgja hverri sendingu af óslægðum Atlantshafslaxi.

4. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. janúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

VIÐAUKI I

Númer	Nafn eldisstöðvar
VAFS 10	Storøy Laks, C/O Hidra Edelfisk A/S, 4432 Hidrasund
BD/r 2	Marin Production, v/ Torjan Bodvin 4812 Kongshamn
TK/K 2	Lien Sjø-ørret, Thor Lien, 3166 Sannidal
TK/K 1	Skaggerak Orret
AA/A 2	Marin Production AS, Bota, 4920 Staubø
AA/L 1	Åberøy Ørretoppdrett, v/Karl Olaf Jørgensen, 4470 Høvåg
AA/L 4	Hellesund Fiskeoppdrett A/S, v/Karl Olaf Jørgensen, 4470 Høvåg
AA/R 3	Hellesund Fiskeoppdrett A/S, v/Karl Olaf Jørgensen, 4470 Høvåg
VA/S 2	Langenes Fiskeoppdrett A/S, Reinhardsen & Co, Tordenskjoldsgt. 30, 4612 Kristiansand
VA/S 1	Borøy Fiskeoppdrett A/S, v/ Ragnar Severinsen, 4630 Kristiansand
VA/LD 4	Korshamn Fiskeoppdrett A/S, Berge, 4580 Lyngdal
VA/LD 8	Lindesnes Laks A/S, v/ Terje Gabrielsen, 4512 Lindesnes
VA/F 3	Rasvå Fiskeoppdrett A/S, v/Armfred Hansen, 4432 Hidrasund
VA/F 4	Øyna Fiskeoppdrett A/S, Boks 96, 4401 Flekkefjord
VA/F 5	Aqua Sør A/S, v/Tore Skarpnes, 4432 Hidrasund
VA/F 13	Støytland Fisk A/S, 4401 Flekkefjord
VA/F 10	Hidra Edelfisk A/S, 4432 Hidrasund
VA/KL 3	Hidra Edelfisk A/S, 4432 Hidrasund
VA/F 14	Agder Fiskeoppdrett A/S, Postboks 96, 4401 Flekkefjord
R/HA 2	Holmane Edelfisk A/S, 4364 Sirevåg

VIÐAUKI II

Númer	Nafn starfsstöðvar
VA-60	Abelnes Aqua A/S, Abelnes, 4400 Flekkefjord
VA-69	Ulland A/S, Kirkehamn, 4432 Hidrasund
VA-70	Hidra Edelfisk A/S, Bukstad, 4432 Hidrasund
VA-113	Reinhardsen & Co, Tordenskjoldsgt. 30, 4612 Kristiansand

VIÐAUKI III

Heilbrigðisvottorð**fyrir innflutning á óslægðum Atlantshafslaxi frá Noregi til Evrópska efnahagssvæðisins.****Auðkenni safns**

1. Upprunaeldisstöð (leyfisnúmer og nafn): _____
2. Upprunastarfsstöð þar sem fiski var slátrað og pakkað (leyfisnúmer og nafn): _____

3. Heildarþyngd: _____
Fjöldi kassa: _____

Flutningsfar

Gerð flutningsfars og auðkenni: _____

Ákvörðunarstaður

Ákvörðunarland innan EES: _____
Viðtakandi (nafn og heimilisfang): _____

Heilbrigðisyfirlýsing

1. Undirritaður lýsir því hér yfir að allar vörur þessarar vörusendingar koma frá eldisstöðvum og starfsstöðvum sem staðsettar eru á því svæði í Noregi sem vísað er til í 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 97/586/EB og hafa ekki verið sendar frá þeim hluta Noregs sem er norðan við þetta svæði.

Gert í/á _____ dagsetning: _____

Nafn opinbers eftirlitsmanns: _____

Nafn opinbers ábyrgðaraðila: _____

(með hástöfum)

Staða þess sem undirritar: _____

Undirskrift: _____

Stimpill opinbers eftirlitsaðila: